

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um námskeið fyrir þá sem sæta akstursbanni.

Frá Valgerði Bjarnadóttur.

1. Hefur ráðuneytinu borist beiðni um endurgreiðslu kostnaðar við sérstakt námskeið fyrir þá sem sæta akstursbanni skv. 106. gr. a umferðarlaga, í samræmi við niðurstöðu álits umboðsmanns Alþingis nr. 5234/2008 frá 31. desember 2009?
2. Ef svo er, hver voru viðbrögð ráðuneytisins við erindinu?
3. Hvaða ráðstafanir hefur ráðuneytið gert varðandi framkvæmd þessara sérstöku námskeiða í framhaldi af áliti umboðsmanns?

Skriflegt svar óskast.